

Stjórnarfundur haldinn á Búgarði þriðjudaginn 6. nóvember 2012 kl. 20:00.

Mættir eru: Edda Kamilla, Einar, Óskar, Þorsteinn, Þorgerður, Kristín, Kristlaug, Guðrún, Svanbjört  
Boðuð forföll:

Óskar setti fundur númer 715.

1. Innsend bréf.
  - a. Sambandsráðsfundur UMFÍ – dagsett 4 október, berst eftir seinasta fund. Efni bréfsins er lokið – dagskrá sem var á sambandsráðsfundi UMFÍ – umfjöllun frestað þar til í lið 12.
  - b. Formannafundur ÍSÍ – boðað til formannafundar 23. nóvember nk. sem haldinn er í íþróttamiðstöðinni í Laugardal. Óskar ætlar að ákveða það hvort hann ætli að fara eður ei.
  - c. Þjónustugjöld FRÍ – kom bréf 8. október ásamt reikningi og staðfestum tölum – umæðu frestað fram í 4 lið.
  - d. Styrkveitingar íþróttanefndar ríkisins – dagsett 22. október. Samþykkt var að styrkja UMSE um 200.000 til styrktar á uppbyggingu á barna- og unglingsstarfi – kemur í kjölfar fundar með Þorsteini með nefndinni á Dalvík. Þetta er verkefna tengdur styrkur, peningarnir eru til taks, þarf að finna verkefni til að nota þá. Þorsteinn kom með hugmynd um að vera með kynningu á starfi sem að fer fram innan UMSE eins og frjálsar, sund, fótbolti, björgunarsveitir, golf ofl. Fá þá jafnvel einstaklinga til að kynna starfsemina – frestað til næsta fundar, allir að leggja höfuðið í bleyti.
  - e. Málþing um konur í stjórnunarstöðum innan íþróttahreyfingarinnar – boðsbréf barst á málþingið laugardaginn 17. nóvember þar sem að aðildarfélögum er boðið að senda fulltrúa á málþingið – ÍSÍ ætlar að borga flugfar/bíl á áfangastað fyrir einn. Ætlunin er að reyna að styrkja stöðu kvenna í stjórnunarstöðum innan íþróttahreyfingarinnar. Þorgerður og Svanbjört ætla að fara, UMSE ætlar að borga farið fyrir hina.
  - f. UMFÍ – Tími í frjálsíþróttahöllinni í Laugardal – dagsett 31. október. UMFÍ ætlar að bjóða aðildarfélögum tíma í frjálsíþróttahöllinni á mánudagskvöldum í vetur.
  - g. Mótafundur – stefnt er að fundi 10. nóvember þar sem raða á niður mótum fyrir komandi ár.
2. Styrkveitingar
  - a. Námskeið framkvæmdarstjóra –Verkefnastjórnun og leiðtogaþjálfun. Þorsteinn vék af fundi - Samþykkt að styrkja hann um 50.000.-kr. frá stjórn.
3. Formannafundur ÍSÍ, 23. nóvember – sjá undir 1 lið.
4. Þjónustugjöld FRÍ
  - a. Fyrirspurnir til aðildarfélagum UMSE og svör.
    - i. Svar í tölvupósti: Starri Heiðmarsson, Umf.Æskunnar, lýsti því yfir að honum myndist sjálfssagt mál að félagið greiði fyrir sína einstaklinga. Hann setti það þó fram fyrirvara um samþykki stjórnar Umf.Æskunnar.
    - ii. Svar í tölvupósti – Ingibjörg María Ingvadóttir, forsvarsmaður frjálsíþróttadeildar Umf.Svarfdæla, kveður þau hafa litla skoðun á þessu, það kæmi sér þó best að fyrir félögin að greiða sem minnst. Því væri gott ef UMSE greiddi hluta, þar sem þau keppa undir merkjum sambandsins.
    - iii. Óformlegt samtal: Marinó Þorsteinsson, formaður Umf.Reynis hafði ekki tekið þetta fyrir í stjórn of hafði ekki myndað sér nægjanlega sterka skoðun

um þetta. Mögulega eðlilegt að UMSE greiði hluta þar sem þau keppa undir merkjum UMSE.

Tillagan frá FRÍ um þjónustugjaldið, 1000.-kr. er í gildi til tveggja ára – samþykkt að UMSE beri allan kostnað í ár, 185.000.-kr, en að ári liðnu taka aðildarfélögin kostnaðinn með ábendingu til þess að aðildarfélögin lagi sínar tölur hjá Felix.

5. Afreksmannasjóður UMSE

- a. Umsóknir eiga að berast fyrir 1. desember – tillaga að næsta þingi að breyta orðalaginu, til og með 1. desember. Búið er að senda út auglýsingu á póstlista og birta á heimasíðu.  
Þorsteinn benti á að hann taldi að það þyrfti að skýra reglugerðina og gera vinnureglur fyrir úthlutun.  
Fyrirspurn kom frá formanni Skíðafélags Dalvíkur þar sem hann var að sækjast eftir upplýsingum hvort að unglingar gætu sótt um í Afreksmannasjóðinn sjálfir eða hvort foreldrar þyrftu að sækja um fyrir unglinginn – því var svarað á þá leið að það væru öllum heimilt að sækja um í Afreksmannasjóðinn.  
Þess þarf að gæta að ekki sé greitt til ungmenna undir lögaldri em hljóta úthlutun án samráðs við forráðamenn.

6. Úthlutun úr Landsmótssjóður UMSE 2009

- a. Úthlutun fór fram 2. nóvember sl. Send hefur verið tilkynning til umsækjenda. Eftirtaldir hlutu styrk:
  - Umf. Smárin fær 20.000.-kr. til uppbyggingar á æfingarsvæði.
  - Hestamannafélagið Hringur 20.000.-kr vegna brúsmóts.
  - Umf. Reynir fær 60.000.- kr. vegna kaupa á vatnsúðunarkerfi.
  - Knattspyrnudeild Umf. Svarfdæla 60.000.- kr. vegna kaupa á varamannaskýli.
  - Knattspyrnudeild Umf. Svarfdæla 60.000.- kr. vegna kaupa á vatnsúðunarkerfi.
  - Hestamannafélagið Funi 80.000.- kr. vegna námskeiða í fortamningum og undirbúningi og þjálfun tölts.
  - Heiðar B. Thorleifsson, knattspyrnuþjálfari hjá Umf. Svarfdælum 50.000.- kr. vegna námskeiðs.
  - Frjálsíþróttanefnd UMSE 20.000.- kr. vegna áhaldakaupa.
  - Þorsteinn Marinósson, framkvæmdarstjóri UMSE 50.000.- kr vegna námskeiðs.

7. Formannafundur UMSE - fimmtudagurinn 24. janúar í Félagsborg, Eyjafjarðasveit. Kristín ætlar að sjá um veitingar.

8. Ársþing UMSE

- a. Umsjónaraðili – Umf. Æskan
- b. Dagsetning – 9. mars 2013
- c. Staðsetning – Valsárskóli

9. Desemberfundur stjórnar – Einar ætlar að athuga með jólahlaðborð, Óskar ætlar að athuga með Kaffi Björk í Listigarðinum. Stefnir að 7. desember.

10. Verndum þau námskeið á Hrafnagili og Dalvík – Komin er ný dagsetning á námskeiðið, Hrafnagil, 14. nóvember og á Dalvík 13. nóvember. Búið er að flýta tímasetningunni á námskeiðinu í Hrafnagili til 16:15. Allir að vera duglegir að auglýsa námskeiðið. Það þarf að vera smá veitingar á námskeiðinu, er þriggja tíma langt. Kristín ætlar að taka að sér að vera með veitingar á Hrafnagili. Óskar ætlar að hafa umsjón með námskeiðinu á Hrafnagili og Þorsteinn á Dalvík.

11. Heimsókn frá nefnd á vegum ÍSÍ – snýst um framtíðarsýn hjá héraðssamböndum. Þetta er nefnd sem stofnuð var í kjölfar fundar héraðssambanda fyrir formannafund ÍSÍ. Frestað til næsta fundar þar sem að fundargerðin hefur ekki borist.
12. Sambandsráðsfundur UMFÍ – Reikningar UMFÍ voru ekki samþykktir á sambandsráðsfundi, var fellt með 2 atkvæðu. Framkvæmdarstjóri athugaði stöðu á fundargerð fundarins, en hún er enn ekki tilbúin. Umfjöllun um Sambandsráðsfund frestað til næsta fundar þar sem fundargerðin liggur ekki fyrir.
13. Önnur mál.
- a. Tilnefningar til Heiðursviðurkenningar vegna 40 ára afmælis Skíðafélags Dalvíkur, sem haldið verður nk. laugardag, 10. nóvember 2012, frá Stjórn SKD.
- Gullmerki UMSE:**  
Jón Halldórsson: Er einn af stofnendum Skíðafélags Dalvíkur og alla tíða unnið ötullega að uppbyggingu skíðaíþróttarinnar á Dalvík og komið vóða við á því sviði allt frá sjálfboðavinnu við uppsetningu mannvirkja upp í þjálfun og skíðakennslu fyrir börn jafnt sem fullorðna. Það er á engan hallað þótt fullyrt sé að Jón sé frumkvöðull á sviði snjóframleiðslu hér á landi en hann flutti til landsins fyrstu snjóbyssurnar. Það er því vel við hæfi að sæma kappann gullmerki UMSE.
- Þorsteinn Skaftason: Að öðrum ólöstuðum þá má fullyrða að Þorsteinn er sá maður sem hefur unnið hvað mest í sjálfboðavinnu við uppsetningu og viðhaldið á skíðamannvirkjum, vélum og tækjum í Böggvisstaðarfjalli. Þorsteinn hefur verið lykilmáður í öllum stórum framkvæmdum frá stofnun félagsins og hefur sérfræðipækking hans sem rafvirkjameistara oftast en ekki komið að góðum notum. Þorsteinn var ásamt fleirum einn af stofnendum Skíðafélags Dalvíkur og það hefur ekki liði sá vetur frá stofnun þess að hann hafi ekki lagt sitt af mörkum við rekstur og mótahalda á svæðinu.
- Starfsmerki UMSE:**  
Björgvin Hjörleifsson: Björgvin er löngu búinn að sanna sig sem einn af albestu barna- og unglingsþjálfurum landsins. Hann hefur skilað af sér keppendum á Ólympíuleika og heimsmeistaramót svo ekki sé minnst á alla Andrésar-, bikar- og Íslandsmeistarana sem hann hefur þjálfað. Hann er mikill áhugamaður um uppbyggingu skíðasvæðisins í Böggvisstaðarfjalli og sýnt þann áhuga í verki.
- Brynjólfur Sveinsson: Brynjólfur hefur unnið fyrir Skíðafélag Dalvíkur í áratugi. Hann var til fjölda ára yfirfararstjóri á Andrésar Andarleikunum en í seinni tíð hefur hann beint kröftum sínum meira að mótahaldi í Böggvisstaðarfjalli og sjálfboðavinnu við uppbyggingu og rekstur skíðasvæðisins. Brynjólfur er einn af þeim mönnum sem er alltaf tilbúinn til að leggja hönd á plóginn fyrir Skíðafélag Dalvíkur.
- b. Óskar eru búinn að vera vinna mikið í kringum jafnrétti kynjanna, börnin og klámvæðinguna, hann er með hugmynd að námskeiði fyrir foreldra um internetvæðingu barna. Kennari í Menntaskólanum á Akureyri hefur verið að hlada fyrirlestra um internetvæðingu barna, það er orðið mjög auðvelt fyrir börn að komast á netið og ekki alveg öruggt að foreldrar viti hvað börnin eru að gera á netinu. Óskar ætlar að athuga betur með að fá námskeið hjá Guðjóni, námskeiðshaldaranum.

Næsti fundur ákveðinn 6. desember nk. Kl. 20:00  
Fundi slitið 22:48

---

Kristlaug María Valdimarsdóttir, ritari

---

Óskar Þór Vilhjálmsson, formaður.